



AKUREYRARBÆR

Bæjarstjóri

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 5. maí 2016
2016040162 01-106-05

Efni: Umsögn bæjarstjórnar Akureyrar um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, 638. mál

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum 19. apríl 2016 gert eftirfarandi bókun:

Samgönguáætlun

2016030197

Bæjarfulltrúar D-lista þau Gunnar Gíslason, Eva Hrund Einarsdóttir og Njáll Trausti Friðbertsson óskuðu eftir umræðu um samgönguáætlun með sérstakri áherslu á framkvæmdir við flughlaðið og Dettifossveg.

Lögð fram tillaga að bókun frá bæjarfulltrúum D-lista, svohljóðandi:

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar fagnar því að gert sé ráð fyrir kaupum á nýjum hafnsögubáti fyrir Hafnasamlag Norðurlands í "Tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018", sem lögð hefur verið fram á Alþingi. Að sama skapi harmar bæjarstjórn þá niðurstöðu að ekki sé gert ráð fyrir því í sömu áætlun að lokið verði við gerð flughlaðs við Akureyrarflugvöll og Dettifossveg. Hvoru tveggja eru þessar framkvæmdir mikilvægar fyrir ferðaþjónustu og atvinnulíf á Norðurlandi eystra. Því skorar bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar á Alþingi að endurskoða þessa niðurstöðu og setja bæði verkefni á dagskrá þannig að þeim verði lokið að fullu fyrir lok árs 2018.

Þar sem ofantaldar framkvæmdir eru hluti af Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019 vill Akureyrarbær minna á að í Samgönguáætlun segir: „Í samræmi við sóknaráætlanir landshluta verði við forgangsröðun framkvæmda tekið mið af þörfum einstakra svæða fyrir bættar samgöngur til að efla sveitarfélög, styrkja vinnusóknarsvæði og landið allt.“

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson

Bæjarstjóri